

Pegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússland, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Pegar Norðuríshafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 2004 og birtist til eftirbreynti öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. desember 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kolbeinn Árnason.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.920 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 14.665 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.225 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 8.115 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.490 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfs- svæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 747 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 10.090 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 13.420 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 16.750 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

Fyrir klippikort m/vsk. greiðist kr. 6.000 fyrir A-kort, óendurvinnanlegt sorp. Fyrir B-kort, endurvinnanlegan bylgjupappír greiðist kr. 3.000 og fyrir C-kort endurvinnanlegt timbur greiðist kr. 3.000.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 680 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Fyrir móttöku á stærri förmum af efnum sem ekki bera úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði. Innheimta skal greiðslu fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Flutningsaðilar á sorpi á móttökustað ábyrgjast greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l ílát. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 18. desember 2003. Fyrri umræðan fór fram 25. nóvember 2003.

Akranesi, 22. desember 2003.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.